

## Til umhverfis- og skipulagsnefndar Dalabyggðar

Búðardal 23.9.2024

Efni: Merking stíga

Mig langar að leggja inn fyrirspurn um hvort hægt sé að bæta við og breyta merkingu á stígum. T.d. er stíg milli Laxár og Haukadals sem Hestamannafélagið Glaður gerði á sínum tíma með styrk úr reiðvegaskjóði Vegagerðiarinnar, og merktur sem reiðstígur (414)

Frá árinu 2022 hefur verið haldið utanvegahlaup frá Staðarskála um Haukadal og eftir þessum stýg niður í Búðardal, farið er um þennan reiðstíg til að halda hlaupurum frá bílaumferð.

Árið 2023 var unnin lagfæring á hluta þessum kafla, þ.e. Vegagerðinn lét brjóta hann upp og síðan heflað út moldarefni og stórgríti til að hann verði sem bestur fyrir gangandi, halupandi og ríðandi umferð, síðan var hann valtraður (heflun og völtrun var unnin í sjálfboðavinnu).

UMF Ólafur Pá fékk smá styrk frá DalaAuði til að setja upp bekk og merkingu á þessari leið, og nú þarf að klára það mál.



Skv svari Vegagerðarinnar á beiðni minni segir að það sé undir sveitarfélaginu komið hvort það samþykki breytingu á merkingu þessara

stígar þannig að hann verði fyrir fleiri ferðamáta en reiðveg. Eins og fyrr segir er þessi stígur merktur sem **Reiðstígur (merki nr.414)** og er “eingöngu” ætlaður fyrir ríðandi umferð. Það er því spurning mín hvort ekki megi breyta merkingunni í **“Sameiginlegan stíg” (merki nr. 416.2)**, hann er eiginlega í framhaldi af strandstígunum sem liggur frá

horni Brekkuhvamms/Ægisbrautar og yfir að Laxárbrú, þetta er góður vegur til útivistar og er um 10km kafla frá Búðardal að Haukadalsafleggjara, og víða með mjög fallegu útsýni t.d. þegar komið er upp frá Laxárbrúnni, af Laxárdalsafleggjaranum (Breiðamel) og eins er afbragðs útsýni við ristihliðið

hjá Hrútsstöðum, en þar gæti verið hugmynd að setja niður áningarbakk því þar er hestagirðing, en til að það gæti orðið þyrfti að útbúa bílaplan (útskot).

Við “Breiðamelinn” er afbragðs staður til að setja niður áningarborð, planið þar er fínt og rúmar vel bíla.

Hvetjum til aukinnar útivistar með því að auka fjölbreytni á merktum göngustígum/gönguleiðum.

Hópur áhugamanna vinnun nú að því að endurmerkja gönguleiðina inn í Ránargil í Sælingsdal og einnig gönguleiðina upp á Harfatindum (Tindum) á Svínadal.

p.s. Strandstígurinn er enn ómerktur




416.1



416.2

416 Sameiginlegur stígur.

Merki þetta gefur til kynna að stígur sé eingöngu ætlaður þeirri umferð sem merkið sýnir. Merkið tekur breytingum í samræmi við tegund umferðar. Vegfarendur skulu sýna hver öðrum gagnkvæma tillitssemi.



Ingibjörg Jóhannsdóttir  
gjaldkeri UMF Ólafs Pá  
og félagi í Dalamannabrölti